

2. gr.

2. málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

Ef vafi leikur á um réttmæti kröfu eða um það hvort krafa fellur innan ríkisábyrgðar getur ráðuneytið leitað úrskurðar skiptaréttar um það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til allra ofangreindra krafna sem gjaldfallnar eru á árinu 1978 og eftir það.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu nr. 103 30. nóvember 1978.

Þær breytingar eru hér gerðar á gildandi lögum nr. 31/1974 að ríkisábyrgðin er einnig látin ná til bóta, sem launþegi á tilkall til vegna örorku af völdum vinnuslyss, svo og til þeirra bóta sem maki eða börn eiga tilkall til vegna dauðsfalls af völdum vinnuslyss. Hlýtur slík lagabót að teljast réttlætismál.

Auk þess er ríkisábyrgðin látin ná til þess kostnaðar, sem á launþega kann að hafa fallið vegna innheimtuaðgerða hans á hendur launagreiðandanum. Gildandi lög heimila hinsvegar aðeins greiðslu kostnaðar við að krefjast gjaldþrotaskipta. Má ætla, að sú regla kunni að hafa dregið úr viðleitni launþega til að innheimta sjálfur kröfur sínar hjá kaupgreiðanda, ef vitað var að hann stóð höllum fæti, vegna þess kostnaðar sem fallið gat á launþegann sjálfan við slíkar aðgerðir. Þykir rétt að létta þeirri áhættu af launþegum enda mun slíkt væntanlega stuðla að öruggari innheimtu vinnulauna í framtíðinni og draga um leið úr þeim skuldbindingum, sem á ríkissjóð falla.

Nauðsynlegt er að meta gildi þessa frumvarps fyrir launþega með hliðsjón af því frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 31/1978 um skipti á dánarbúum og félagsbúum, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, og felur það í sér m. a. að forgangsréttur vinnulauna og annarra greiðslna, sem ríkisábyrgðin nær til, er lengdur úr 6 mánuðum í 18 mánuði frá upphafi skipta. Þau þröngu tímamörk, sem forgangsréttinum voru áður sett, munu mjög oft hafa valdið því að kröfur launþega glötuðust enda líður oft langur tími frá því krafa um gjaldþrot er sett fram og þar til úrskurður um skiptin gengur.

Sá frestur, sem nú er gert ráð fyrir, ætti hinsvegar að vera fullnægjandi í öllum tilvikum ef ekki er um beint tómlæti að tefla af hálfu launþegans.

Óskir hafa komið fram um það af hálfu samtaka launþega, að ríkisábyrgðin verði rýmkuð enn frá því sem hér er lagt til, og látin ná til margvíslegra launatengdra gjalda atvinnurekenda svo sem framlags í lífeyrissjóði og sjúkra- og orlofs-sjóðsgjalda. Ekki þykir þó ástæða til svo víðtækrar ábyrgðar ríkissjóðs, þótt segja megi að hér geti oft verið um að ræða hluta af launum launþegans, enda hafa þeir aðilar, sem annast innheimtu þessa fjár, mun sterkari aðstöðu til að fylgja eftir kröfum sínum en hinn almenni launþegi.

Slíkar kröfur njóta nú þegar nokkurs forgangs samkvæmt skiptalögum og með frumvarpi til breytingar á lögum nr. 29/1885 sbr. lög nr. 32/1967 um lögtak og fjárnám án undanfarandi dóms eða sáttar, sem einnig er flutt samhliða þessu frumvarpi, er kröfum um slíkar greiðslur atvinnurekenda veittur lögtaksréttur. Ætti innheimta þessara gjalda því að vera vel tryggð.

Loks er þess að geta, að samfara frumvarpi þessu er gerð breyting á reglugerð nr. 302/1975 um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot, sem rýmkar verulega rétt launþega til að fá vaxtagreiðslur af kröfum sínum.

Með ákvæði 3. gr. frumvarpsins eru tekin af hugsanleg tvímæli um það að löggin taki til allra þeirra krafna, sem gjaldfallnar eru á árinu 1978, en ekki til þeirra krafna einna, sem falla í gjalddaga eftir gildistöku laganna. Þetta ákvæði mun ekki valda því, að taka þurfi upp á nýjan leik nein af þeim málum, sem hlotið hafa fullnaðar afgreiðslu í ráðuneytinu fram til þessa.